

Sent til Mbl.is: 20.8.2019  
Birt í Mbl: 27.8.2019  
Skúli Jóhannsson  
Email: [skuli@veldi.is](mailto:skuli@veldi.is)  
Website: [www.veldi.is](http://www.veldi.is)

*Að undanfögnu hefur orðið bylting um allan heim með innleiðingu á markaðsskipulagi í viðskiptum með raforku.*

## Sérfræðingahópurinn og skýrslan

Á dögnum kom út skýrsla Orkunnar okkar „Skýrsla um áhrif inngöngu Íslands í Orkusamband Evrópusambandsins, einkum orkupakka 3“.

Skýrslan var skrifuð af átta sérfræðingum, eins og þeir kalla sig, allir karlkyns.

Hér á eftir ætla ég að nefna nokkur atriði í skýrslunni, en fyrst smá yfirlit.

### Markaðsvæðing

Að undanfögnu hefur orðið bylting um allan heim með innleiðingu á markaðsskipulagi í viðskiptum, en hún hófst í hinum vestræna heimshluta og hefur síðan breiðst út um alla heimsbyggðina með góðum árangri.

Sovétríkin gömlu liðu undir lok í samkeppninni. Kína reis upp úr öskustónni með markaðsvæðingu og kapitalisma að leiðarljósi í atvinnu- og viðskiptaháttum, að vísu undir merkjum kommúnisma sem er ennþá þar við völd.

Sama þróun hefur átt sér stað á flestum sviðum atvinnulífs á Íslandi og sumir stjórnmaflokkar hafa tekið hana upp í stefnuskrá sína, þ.á.m. Sjálfstæðisflokkurinn.

Téð skýrsla bendir til að hagfræðingarnir í sérfræðihópnum séu ekki á bandi markaðshyggju.

### Skipulag raforkumála

Í hagfræði er raforka skilgreind sem vara, sem hægt er að framleiða, flytja, kaupa og selja, en viðskipti með raforku eiga sér stað m.a. á raforkumarkaði.

Raforkumarkaður á Íslandi eftir orkupakka 3 og með þátttöku allra dreifiveituna yrði með sambærilegt hlutfall af heildarmarkaði og í Bretlandi, en íslenski markaðurinn er miklu mun minni.

Með markaðsvæðingu eru fjármunarök innleidd hvar sem fyrir verður komið, bæði við uppbyggingu og rekstur raforkukerfa. Þróunin hófst í Suður-Ameríku upp úr 1980 með Chicago drengjunum sem var hópur hagfræðinema frá Chile við háskólanám í Chicago undir stjórn Milton Friedman o.fl. Hugmyndir þeirra hafa síðan breiðst til allra heimshluta. Sérstaklega hefur innleiðingin gengið vel í Evrópu en orkupakki 3 er afsprengi hennar.

### Sérfræðingahópurinn og skýrslan

Nú ráðleggur hinn átta manna sérfræðingahópur að Íslendingar hafni orkupakka 3 og taki ekki þátt í þessari þróun. Þeir vara við og finna pakkanum allt til foráttu. Þó er málið búið að vera í undirbúningi í 10 ár og hlotið umfangsmeiri skoðun en nokkurt annað sambærilegt mál.

Þeir benda þó ekki á hvað yrði gert ef farið væri að þeirra óskum. Eitthvað yrði að gera því orkupakkar 1 og 2 komu inn í íslensk lög 2003 og 2009 og hefur verið starfað samkvæmt því síðastliðin 16 ár. Þá þyrfti að bakka út úr öllu saman. Ýmislegt gæti komið til greina: Sameina Landsvirkjun og Landsnet aftur? Sameina Landsnet og dreifingarfyriretækin, þ.e. Veitur, HS-veitur, RARIK, Orkubú Vestfjarða, Norðurorku og Rafveitu Reyðarfjarðar? Hætta við áform um raforkumarkað? Hver veit? Eða þá að skrífa alveg til baka til gamla tímans, með gömlu gjaldskrárkerfunum og tilheyrandi?

### **Tvö atriði í skýrslu sérfræðingahópsins**

Af mörgu er að taka en hér verður aðeins vikið að tveimur atriðum í skýrslunni.

- Um auðlindagjöld. Hvorki á Íslandi né erlendis tíðkast að innheimta auðlindagjöld af endurnýjanlegum orkulindum. Í staðinn kemur CO2 gjaldtaka á óendurnýjanlegum orkulindum vegna mengunar á andrúmslofti við losun á koltvísýrlingi og skyldum lofttegundum. Þess vegna er ég ekki alveg að skilja hugmyndir skýrslunnar um auðlindagjöld á Íslandi. Það er ekki hægt að hefta framboð á endurnýjanlegri orkuauðlind á upptökustað til notkunar síðar meir. Vatnið sprettur fram og rennur á endanum til sjávar. Með vatnsmiðlunum er unnt að geyma vatnsorku tímabundið og færa nýtingu þess til raforkuframleiðslu jafnvel milli árstíða. Þetta er birgðahald vatnsorkuvera. Í skýrslunni er komið eitthvað fínt nafn á þetta birgðahald og kallað auðlindastjórnun. Svo á að skipa auðlindastjóra „sem sér til að fyrirtækin stýri lónum sínum á samræmdan hátt til háværkunar öryggis notenda. Hann skal einnig sjá til þess að nýjar virkjanir verði byggðar í tíma áður en hætta á orkuskortri vegna slæms árferðis vex úr hófi.“ Þessar hugmyndir, sem eru í líkingu við gamaldags áætlunarbúskap, eru svo mikið á skjön við markaðsvæðingu að ég á ekki orð. Ef ætti að fara eftir þessu þá þyrfti að hugsa málið alveg upp á nýtt. Loka og fara heim, sérfræðingahópurinn er búinn að leysa málið! Eða hvað?
- Í kafla 4 er fjallað um orkustefnu ESB. Þar er fyrirferðarmikil umræða um orkupakka 4, til að vara við einhverri skelfilegri hættu af honum. Þetta er óttalegt svartnættisraus. Í 84 síðna skýrslu sakna ég umræðu um helstu vandamálin í dag í rekstri raforkumarkaða, t.d. í Bretlandi, en þeir nota aðferð uppgjörsvörða (e: pay-as-clear). Hinn möguleikinn er aðferð tilboðsvörða (e: pay-as-bid). Aðferð uppgjörsvörða hefur ýmsa kosti, en hún hefur orðið erfiðari í vöfum upp á síðkastið með aukinni hlutdeild endurnýjanlegrar orku á markaði. Stefnu í þessu þarf að ákveða fyrir væntanlegan markað á Íslandi. Einnig sakna ég þess að ekki er rætt um svæðisskipulag (e: zonal) og punktaskipulag (e: nodal). Við þróun á hermílíkani til langtímaathugana á vegum Landsvirkjunar árið 2003 kusum við að nota svæðisskipulag sem byggðist á þremur vatnasvæðum, Suðvestur-, Norður- og Austurlandi. Skipta mun máli hvernig þetta verður gert á Íslandi þegar þar að kemur.